



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 30. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð og myndmiðlunarþjónusta, samfélagsmiðlar o.fl.) 717. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er að finna nokkrar tillögur sem varða börn sérstaklega. Er m.a. verið að leggja til að efni sem talið er vera skaðlegt börnum skuli auðkennt með myndtáknnum sem skýra af hverju efnið er talið skaðlegt, í stað aldursmerkinga. Þá er í frumvarpinu sérstaklega áréttað að óheimilt sé að vinna persónuupplýsingar barna í viðskiptalegum tilgangi.

Í 19. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem kveður á um skyldu mynddeiliveitna til að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda börn fyrir efni, notendaframleiddu efni og viðskiptaboðum er skaðað geta líkamlegan, andlegan eða siðferðislegan þroska þeirra.

Þá er í frumvarpinu verið að leggja bann við því að aðilar sem stunda viðskipti kosti barna- og unglungaefni auk þess sem kveðið er á um að fyrirtækjum sem hafa aðalstarfsemi af sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum eða rafrettum verði óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlaþjónustu.

Umboðsmaður barna styður framangreindar tillögur og telur þær vera til þess fallnar að efla vernd barna gegn óæskilegu efni og markaðssetningu sem beint er að þeim. Þá telur umboðsmaður barna einnig brýnt að eitt af markmiðum frumvarpsins nái fram að ganga, þ.e. að efla og þroska fjölmiðlalæsi almennings, en það á ekki síst við um börn og unglunga.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna